

21

13. apríl

Missi maður ref eða yrdling úr eldi, skal hann greiða 100 — eitt hundrað — króna sekt fyrir hvern ref eða yrdling sem sleppur.

Brot gegn öðrum ákvæðum reglugjörðar þessarar, varða frá 10—500 kr. sektum. Sektir renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

14. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

22

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frá Önnu Claessen, árið 1918.

		T e k j u r:	
1.	a. Stofnfje	Kr.	600,00
	b. Gjafir	—	820,33
			<hr/> Kr. 1420,33
2.	Vextir af innstæðu í sparisjóði	—	39,11
			<hr/> Samtals kr. 1459,44
		G j ö l d:	
1.	Eignir 31. desember.		
	Innstæða í viðskiftabók nr. 1172 í Sparisjóð Sauðárkróks	Kr.	1459,44
			<hr/> Samtals kr. 1459,44

Sauðárkrók, 15. janúar 1919.

Alfheidur Blöndal, Herdis Pjetursdóttir, Helga Guðjónsdóttir.

23

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frá Önnu Claessen árið 1919.

		T e k j u r:	
1.	Inneign 31. desbr. 1918 í viðskiftabók nr. 1172 í Sparisjóði Sauðárkróks	Kr.	1459,44
2.	Gjafir	Kr.	185,00
3.	Hagnaður við kaup á bankavaxtabrjefum	—	105,00
			<hr/> 290,00
			<hr/> Flyt kr. 1749,44